



## Fundargerð 12. fundar stjórnar SSA haldinn 15. október 2021

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 14:00

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir og Jón Björn Hákonarson.

Boðuð forföll; Jóhann F. Þórhallsson og hans varamaður.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri sem skrifaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 11. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt*
- 1.2 Fundargerðir stjórnar SSH (528,529),SSV (163), SSNV (68,69), Vestfjarðastofa (38,39), SSNE (29), SASS (572), SSS (771) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.3 Fundargerð Sambandsins (901, úrgangsmál, skipulagsmál, félagsþjónusta) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.4 Fundargerð Stýrihóps (73) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*

### 2. Innra starf SSA

- 2.1 Haustþing SSA 19-20. nóvember 2021  
*Framkvæmdastjóri fór yfir skipulag haustþingsins sem haldið verður í Fjarðabyggð 19-20. nóvember nk. Framkvæmdastjóra falið að vinna á fram að undirbúningi á grunni umræðna á fundinum.*
- 2.2 SV-AUST  
*Formaður fór yfir stöðu mála og þá fundi sem átt hafa sér stað í tengslum við samninga 2022-2025 á grunni útboðs. Verkefnið er unnið innan stjórnar SV-AUST sem fylgir málinu eftir.*
- 2.3 Skipan í fagræð uppbyggingasjóðs Austurlands.  
*Framkvæmdastjóri fór yfir nafnalista í fagræð Uppbyggingasjóðs Austurlands. Stjórn samþykkir skipunina á nýjum aðilum til tveggja ára og felur Austurbrú að gefa út skipunarbréf til handa aðilum í tengslum við starfið framundan.*

### 3. Önnur mál

- 3.1 Haustfundur landshlutasamtakanna  
*Framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir þá umræðu sem átti sér stað á haustfundi landshlutasamtakanna sem haldinn var í tengslum við fjármálaráðstefnu*



---

*sveitarfélaga. Rædd voru ýmis sameiginleg málefni landshlutasamtakanna með gestum frá ráðuneyti sveitastjórnarmála sem og Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

### 3.2 Málefni Egilsstaðaflugvallar

*Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála og þann fund sem framundan er með stjórn Isavia innanlands ehf.*

*Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 15:00*